

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgýsingum

Atvinna
allt í MIÐJU BLAÐSINS



ÓMAR RAGNARSSON

Með nýja plötu í farvatninu

Syngur dúett með Bubba Morthens
FÓLK 42



20 blaðsíðna
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. júní 2006 – 154. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Hræðist ekki framtíðina

Aníta Briem leikur í stórrí Hollywood-mynd en passar sig á því að hafa báða fæturna á jörðinni enda geta hlutirnir breyst hratt.

FÓLK 18

Manneskjuleg tónlist í fyrirrúmi

Ólafur Sveinn Jóhannesson stjórnar nýjum þætti á Rás 2 og ætlar að spila tónlist sem hlustandinn finnur sjálfan sig í.

FÓLK 42

Sjómanna dagurinn

Sigurður Guðbjartsson var til sjós í tæp fimmtíu ár. Hann segir frá kraftaverkum og svaðilföllum í tilefni dagsins. Einnig rifjar ungar skipstjóri upp sinn fyrsta skipstjóratur en þá fékk hann tundurdufl í trollið.

VIÐTAL 68 OG 69

Leikið gegn Svíum í dag

Ísland mætir Svíum í dag í fyrri leik liðanna um laust sæti á HM í handbolta. Landsliðsþjálfarinn Alfred Gíslason segir að stefnan sé sett á sigur í leiknum.


ÍDRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG

10, 19, 14, 14, 12

VÆTUSAMT - Það verður hæg breytileg átt í fyrstu en vaxandi vindur um allt land í kvöld. Rigning eða skúrir um mest allt land þegar liður á daginn. Hiti 10-20 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

VEÐUR 4



NÝIR RÁÐHERRAR KYNNTIL TIL SÖGUNNAR Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, kynnti nýja ráðherra flokksins í Alþingishúsinu í gær. Magnús Stefánsson, Jónína Bjartmarz og Jón Sigurðsson fylgjast með á meðan fráfarandi forsætisráðherra gerir grein fyrir breytingunum.

Þrjú nýir ráðherrar í stjórn Geirs Haarde

Jón Sigurðsson seðlabankastjóri sest í ríkisstjórn ásamt Magnúsi Stefánssyni og Jónínu Bjartmarz. Halldór Ásgrímsson, Jón Kristjánsson og Sigríður Anna Þórðardóttir hverfa úr stjórn. Ríkisstjórn Geirs H. Haarde tekur við á fimmtudag.

STJÓRN MÁL Umfangsmiklar breytingar verða á ríkisstjórn Íslands á fimmtudag þegar Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, tekur við forsæti stjórnarinnar. Þrjú ráðherrar hverfa úr embætti en breytingarnar ná til fimm ráðuneyta. Umhverfisráðuneytið flyst frá Sjálfstæðisflokknum til Framsóknarflokks.

Þingmenn stjórnarflokka voru skyndilega kallaðir á fund klukkan tvis í gær. Sjálfstæðismenn hittu í Valhöll og framsóknarmenn í húsakynnum nefndasviðs Alþingis við Austurvöll. Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, gerði grein fyrir breytingum í ráðherra-

liði síns flokks strax eftir fundinn. Geir H. Haarde gerði svo stuttu síðar grein fyrir ákvörðun þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra, Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra og Jón Sigurðsson seðlabankastjóri verður iðnaðar- og viðskiptaráðherra. „Menn eiga að gera skyldu sína“, sagði Jón um ástæður þess að hann tekur sæti í stjórninni.

„Nú ákvað ég að stíga til hliðar og gefa nýju fólki tækifæri á að vera í ríkisstjórn“, sagði Jón Kristjánsson, sem mun sitja áfram á þingi. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði það vissulega vonbrigði að geta ekki klárað ákveðin mál.

Halldór Ásgrímsson sagði það hafa verið vandasamt verk að skipa ráðherra en sagði einhug hafa ríkt um það hvernig málum skyldi háttað. „Ég reyndi eftir bestu getu að vanda sem mest til allra verka.“

„Ríkisstjórnin heldur sínu striki“, sagði Geir H. Haarde. „Þetta er sami stjórnarsáttmálinn.“

- bps/mh/gag/sjá síður 2 og 8

Slakar á og horfir á HM

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen er að öllum líkindum á leið frá liði sínu Chelsea, en líklegast er að Evrópumeistarar Barcelona tryggi sér þjónustu hans fyrir næsta tímabil. Fjöl mörg félög hafa falast eftir Eiði Smára á síðustu vikum.



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN

Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eids Smára, sagði þá feðga vera í afslöppun hér á landi en hann vildi ekki gefa upp hvernig viðræður við önnur félög hefðu gengið. „Það liggur ekkert ljóst fyrir ennþá hver niðurstaðan verður. Við erum núna staddir hér heima á Íslandi og ætlum okkur að slaka á og fylgjast grannt með heimsmeistarakeppninni“, sagði Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður og faðir Eids Smára, í gær en þeir feðgar sátu þá í makindum og fylgdust með heimsmeistarakeppninni.

- mh

Flóttafólk í Osló: Afganar neita að nærast

NOREGUR Um hundrað Afganar eru nú í hungurverkfalli í Osló og hafa sumir þeirra ekki neytt fæðu í fjórtán daga, samkvæmt fréttasíðu norska blaðsins Aftenposten í gær.

Margir meðal fólksins eru flóttamenn og er fólk að mótmæla fyrirhugaðri brottvísun um þrjátíu þeirra frá Noregi.

Talsmenn Sameinuðu þjóðanna hófu afskipti af málinu á föstudagskvöld, og sögðust helst hafa áhyggjur af áætluð norskra yfirvalda að senda Afgana sem ekki eru frá Kabúl til borgarinnar. Slíkt myndi eingöngu valda frekari vandamálum í Afganistan, að sögn Pál Aarsæther, talsmanns SP.

- smk

Mögnuð tilboð á nýjum vörum LÍKA Á MORGUN!

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

8. - 12. júní
Kauphlaup
í fullum gangi

Hátíðisdagur samkynhneigðra fór friðsamlega fram í Póllandi í gær:

Þúsundir á götum Varsjár

PÓLLAND, AP Allt að sex þúsund manns gengu í friðsamlegri skrúðgöngu eftir götum Varsjár í gær, í tilefni Hinsegin daganna sem haldnir eru árlega í Póllandi sem og annars staðar. Gangan hefur hingað til verið mörkuð ofbeldi og opinberum bönnum.

Samkynhneigðir í Póllandi hafa látið sífellt meira í sér heyra, en samkynhneigð er enn afar fordæmd í Póllandi, þar sem meirihluti landsmanna aðhyllist kaþólska trú. Telja margir samkynhneigð vera sjúkdóm sem beri að lækna.

Íhaldssamir stjórnarmálameiri hafa ítrekað reynt að berja á bak aftur hreyfingu samkynhneigðra, og bannaði fyrrverandi borgar-



HINSEGIN DAGAR Þúsundir manna gengu í kröfugöngu fyrir réttindum samkynhneigðra í Varsjár í Póllandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

stjóri Varsjár og núverandi forseti Póllands, Lech Kaczynski, göng-

una árin 2004 og 2005 undir því yfirskeyni að hún ógnaði „síðmenningu“. Göngurnar voru samt haldnar og vakti eggja- og grjótkast mótmælenda athygli víða um Evrópu. Pólverjar gengu í Evrópusambandið árið 2004.

Í ár mættu fjölmargir stjórnarmálameiri frá öðrum Evrópulöndum, auk annarra erlendra stuðningsmanna, í gönguna, sem tvö þúsund lögreglumenn vöktuðu.

Í maí komu krúnurakaðir ofstækismenn og aldraðar konur með krossa á lofti í veg fyrir fyrstu Hinsegin daga gönguna í Moskvu. Þótt borgaryfirvöld hafi bannað gönguna var hún haldin nokkrum vikum síðar en endaði í ofbeldi og handtökum.

- smk

Opið í dag 13-17

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STÖÐ

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN SJÓMENN!

Glitnir óskar sjómönnum og landsmönnum öllum til hamingju með daginn.

GLITNIR BÝÐUR Í SIGLINGU

Í tilefni sjómannadagsins býður Glitnir upp á siglingu með kennsluskipinu Sæbjörgu um sundin blá. Skipið leggur frá Miðbakka Reykjavíkurbafnar kl. 13, 14 og 15. Allir velkomnir.

GÓÐA SKEMMTUN!



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Glitnir er bakhjarl Slysavarnafélagsins Landsbjargar og stuðlar þannig að öryggi og velferð sjómanna og landsmanna allra.



GLITNIR

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 9.6.2006

KAUP SALA

Table with exchange rates for various currencies including US Dollar, British Pound, Euro, Danish Krone, Norwegian Krone, Swedish Krone, and Japanese Yen.

Gengisvísitala krónunnar 129,2766

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fair vilja vera viðriðin myndlistarsýningu á grófum ádeiluverkum danska listamannsins Hornsleths:

Myndir Hornsleth þykja of grófar

MYNDLIST Áætluð myndlistarsýning hins umdeilda danska listamanns Hornsleth komst í uppnám þegar skemmtistaðurinn Sólon hætti skyndilega við að halda sýninguna. Björn Rúnar Egilsson, aðstandandi sýningarinnar segir að mikil vinna hafi verið lögð í sýninguna og því leiðinlegt að svona skyldi fara.

prentsmiður hafi vísað þeim frá og ekkert viljað hafa með þennan umdeilda listamann að gera. Verk Hornsleths sem sýnd verða á Íslandi eru sérhönnuð fyrir íslenskan markað, en allur texti á þeim er á íslensku og eitt þeirra inniheldur meira að segja mynd af fegurárdrottningunni Unni Birnu.



MYNDR HORNSLETHS Skemmtistaðurinn Cuba by Hornsleth sýnir myndlist danska listamannsins Hornsleth, en á þessari mynd sést Unnur Birna Vilhjálmstöðir, ungrú heimur, auk grófs texta, eins og sjá má.

verkum Hornsleths að þeir ákváðu að gera hann að varanlegu Hornsleth-safni á Íslandi og nefna hann „Cuba by Hornsleth“. Unnið er nú

að því að innrétta þennan nýja stað, en hann mun vera reyklus og opunarkvöld hans verður fimmtudaginn næstkomandi.



HERMAÐUR Hermaður frá Vesturlöndum í Afganistan. Gríðarlegt mannafl hefur verið í suðurhluta landsins að undanförmu.

Átök í Afganistan:

Yfir 500 falla á þremur vikum

AFGANISTAN, AP Á síðustu þremur vikum hafa yfir fimm hundruð manns fallið í suðurhluta Afganistan, en seinustu vikur hafa verið með þeim blóðugustu síðan ráðist var inn í landið fyrir tæpum fimm árum.

Margir hinna föllnu eru sagðir vera úr röðum talibana, að sögn talsmanna hersveita Atlantshafsbandalagsins.

Hersveitir Atlantshafsbandalagsins hafa að miklu leyti tekið við af Bandaríkjaher í suðurhluta Afghanistan, þar sem gifurlegt ofbeldi geisar.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Harmonikkú stolið úr húsbíl Lögreglan í Reykjavík rannsakar nú innbrot í húsbíl í Breiðholti í gær. Þjófurinn eða þjófarnir höfðu á brott með sér hljómfutningstæki, ferðasjónvarp, talstöð og harmonikkú úr bílnum.

Þrjú fengu að gista Í nógu var að snúast hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum í fyrri nótt þar sem einn ökumaður var stöðvaður vegna ölvunaraksturs og þrjú gistu fangageymslur lögreglunnar vegna ölvunar og óláta.

Átta stútar teknir Lögreglan í Reykjavík stöðvaði átta ökumenn í gær og fyrri nótt sem grunaðir eru að hafa ekið undir áhrifum áfengis.

Hugsaði um það eitt að bjarga börnunum

Gréta Eiríksdóttir var heima hjá sér með dóttur sinni og mánaðargömlum dóttursyni þegar eldur kom upp í hjólbarðaverkstæði í næstu götu á föstudagskvöldið. Mikinn reyk lagði frá eldinum og slökkvistarf tók hátt í fimm tíma.

BRUNI Gréta Eiríksdóttir, íbúi á Njarðargötu 3 í Keflavík, flúði heimili sitt ásamt fjölskyldu sinni í fyrri nótt eftir að eldur kom upp í Hjólbarðabjónustu Gunna Gunn ehf. við Hafnargötu í Keflavík um klukkan tíu á föstudagskvöldið. Mikill reykur barst frá eldinum og varaði lögreglan íbúa í nærliggjandi húsum við því að dvelja heimavið á meðan slökkviliðsmenn börðust við eldinn.

Gréta segist hafa verið farin út úr húsinu áður en viðvörðunin barst frá lögreglu. „Ég hljóp út um leið og ég fann reykjaryktina því ég var með lítið barn hjá mér,“ segir hún en dóttir hennar og mánaðargamall dóttursonur voru hjá henni.

Hús Grétu stendur nánast alveg við dekkjaverkstæðið þar sem eldurinn logaði. „Á milli verkstæðisins og hússins sem ég bý í er bara bílskúr svo ég bjóst alveg eins við því að eldurinn næði til mín. En það kom ekki einu sinni eldur í bílskúrinn því slökkviliðið stóð sig alveg frá-bærlega, eins og þetta var rosa-legur eldur þegar allt fór að springa.“

Erfiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins og barst slökkviliðinu í Keflavík fljótlega aðstoð frá slökkviliðinu í Sandgerði, Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Sigurgísli Ketilsson, varðstjóri hjá Brunavörnum Suðurnesja, segir að slökkvistarfi hafi verið að mestu lokið um hálf þrjú um nóttina. „Þá voru bara einhverjar glæður eftir svo þessu var alveg lokið svona um þrjú,“ segir hann.



MIKLAR SKEMMDIR Unnið var við að hreinsa brunarústirnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI

Gréta segir að fjölskylda hennar hafi sofnið annars staðar um nóttina og sama hafi átt við um fleiri fjölskyldur úr götunni.

„Í þessari röð sem ég er í eru fjögur hús, þrjú íbúðarhús og svo unglíngamiðstöð þar sem var unglíngaball sem var rýmt líka.“

Hún segist ekkert hafa hugsað um að reyna að taka neitt með sér áður en hún fór að heiman. „Ég tók ekkert með mér nema þau mæðgin því það skiptir ekkert máli nema að komast í burtu þegar svona er.“



REYKINN LAGÐI YFIR ALLT Gréta segist hafa forðað sér með fjölskylduna eins fljótt og hún gat.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI

Unnið var við að hreinsa brunarústirnar í gær en eldsupptök eru ennþá ókunn. Lögreglan rannsakar málið.

emilia@frettabladid.is

Fíkniefnafundur í Noregi:

Með tonn af hassi í bílnum

NOREGUR Norska lögreglan lagði hald á nær eitt tonn af hassi í áhlaupi á grunnaða fíkniefnasmyglara á fimmtudagsmorgun, samkvæmt upplýsingum norska dagblaðsins Aftenposten í gær. Auk þess voru aðrar tegundir eiturlyfja og vopn gerð upptækt.

Hassið fannst í tengivagni holensks vöruflutningabíls og telur blaðið verðgildi þess vera milli 170 milljónir og 420 milljónir íslenskra króna.

Talsmaður lögreglunnar vildi ekki staðfesta upplýsingarnar, þó hann viðurkendi að eiturlyf hefði verið gert upptækt. Jafnframt hafa nokkrir menn verið handteknir í tengslum við málið, og segir blaðið engan þeirra vera norskan, þó einhverjir þeirra búi í Osló.

- smk

Veittust að lögreglu í Eyjum:

Beittu kylfum og piparúða

LÖGREGLUMÁL Átök brutust út á kaffihúsi í Vestmannaeyjum í fyrri nótt. Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang og þurftu þeir að beita piparúða og kylfum til að halda aftur af æstum gestum staðarins. Slagsmálin voru í fullum gangi og fór svo að hluti gesta veittist að lögreglumönnum og þurftu þeir að kalla eftir frekari aðstoð.

Tveir voru handteknir á staðnum og fundust fíkniefni á öðrum þeirra. Báðir voru mjög ölvaðir og voru látnir gista í fangageymslu. Þeir voru látnir lausir í gær að lokinni yfirheyrslu.

SVÍPJÓÐ

Börnum smyglað Kínverskt par var á föstudag dæmt í tveggja ára fangelsi í Svíþjóð fyrir smygl á börnum. Fólkinu er gert að sök að hafa smyglað 46 kínverskum börnum til Evrópu í gegnum Svíþjóð. Talið er að flest börnin hafi hafnað í Frakklandi og Ítalíu, en ekki er vitað um aðrir þeirra.

Advertisement for LYFJA - Lífð heil, featuring SLIMAIDE OG DETOX TVENNUTILBOÐ. It includes images of two bottles and text describing the benefits of the product.

Weather forecast section (VEÐURSPÁ) featuring a map of Iceland with temperature and weather icons, and a table of temperatures for various European cities.

Dreginn út 22. júní



Ekki missa
af vinningi!

Hummer-jeppi

er í vinning hjá Happdrætti DAS
annan hvern mánuð -

og **5 milljónir**

í skottinu

ef þú átt tvöfaldan miða!

66 skattfrjálssar
milljónir í júní

Hringdu núna
561 7757

Kíktu á netið
www.das.is

Kauptu miða í Happdrætti DAS.
Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
á mánuði eða 230 kr. fyrir hvern útdrátt.
Vertu með í Happdrætti DAS
- búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

HAPPDRAETTI

das

-vinnur í hverri viku


Bílaínflytjandi

ÍSABAND.IS
BÍLAÍNFLYTNINGUR

SUMAR stemning


Stórsýning í dag

BEINNA AUGLEIÐINGASTOFAN IS. 101 3100 842008



Sumarsýning **Toyota**

Öll fjölskyldan kíkir til okkar á Nýbýlaveginum um helgina og upplifir frábæra Toyota-sumarstemningu.

- Glæsilegt úrval nýrra bíla á góðu verði
- Reynsluakstur - reynsluökumenn leystir út með gjöfum frá Nóatúni
- Gírnileg grillveisla - kokkar á staðnum töfra fram kræsingar
- Merkilegt tilboð á 30 Aygo með ókeypis tryggingum hjá Elísabetu í 1 ár 

Opið í dag frá 13:00 - 16:00



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Míðási 2
700 Egilsstaðir
Sími: 470-5070



IG+ gjaldeyrisreikningur



Fleiri pund!

£ | Nýr gjaldeyrisreikningur SPRON ber mun hærri vexti en sambærilegir reikningar.

Hinn nýi **IG+ gjaldeyrisreikningur SPRON** hentar vel þeim sem eiga í erlendum viðskiptum og öðrum sem vilja framúrskarandi vexti á þann gjaldeyri sem lagður er til hliðar. Reikningarnir eru bundnir til þriggja mánaða, lágmarksinnborgun er ein milljón króna.

Færð þú örugglega bestu vextina á gjaldeyrinn?

Kynntu þér málið á spron.is



Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

LÍTUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíl í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



NÝR SANTA FE
FRUMSÝNDUR Í DAG
OPIÐ FRÁ KL 10 TIL 16



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

Keflavík 421 4444

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Smá skilaboð til þín

Gerðu verðsamanburð og kynntu þér hvað þú getur sparað mikið með því að færa GSM símanúmerið þitt yfir til SKO. www.sko.is



SMS hjá Símanum kostar

10,00 kr.



SMS hjá Og Vodafone kostar

10,70 kr.



SMS hjá SKO kostar

4,90 kr.

14,90 kr.
Mínútuverð

4,90 kr.
SMS verð

0,00 kr.
Mánaðargjald

SKO
Tala meira. Borga minna.


LINDA VILHJÁLMSDÓTTIR f. 1958
Ljósakáld

SJALDAN ER EIN BÁRAN STÖK

ÉG ER FÆDD
Á SJÓMANNA-
DAGINN ÁRIÐ
1958 SEM
ÞÓTTI ANSI
GÓÐ BYRJUN
Í MINNI
FJÖLSKYLDU.

PABBI VAR SJÓMAÐUR OG AFI MINN Í
MÓÐURÆTT OG KARLFÓLKID VAR MEIRA

OG MINNA Á SJÓ NEMA KANNSKI AFI MINN Í FÖÐURÆTT SEM
VAR STÚDENT OG GJALDKERI HJÁ STÓRÚTGERÐ KVELDÚLFS OG
KALKÚNABÓNDI HEIMA HJÁ SÉR. KVENFÓLKID HAFDI FLEST UNNIÐ
EINHVERN TÍMA Í FISKI OG SVO ÁTUM VIÐ FISK FIMM DAGA
VIKUNNAR, HÉLDUM *Sjómanna* HÁTÍÐLEGAN OG
VIÐ SYSTURNAR FÓRUM Á JÓLABALL SJÓMANNA-
FÉLAGSINS UM HVER JÓL. STUNDUM BAUÐ FÉLAGID
OKKUR LÍKA Á **ÓKEYPTIS BIÓ** Í LAUGARÁSNUM OG EITT
SUMARIÐ VORUM VIÐ SENDAR Í SUMARBÚÐIR FYRIR BÖRN
FÉLAGSMANNA Á LAUGALANDI Í HOLTUM.

VIÐ ÓLUMST UPP ÚTÁ SELTJARNARNESI SEM Í ÞÁ DAGA MORÐI AF
SKREIDARTRÖNUM FRÁ *Ísbirnimum* OG FISKIFÝLAN LÁ Í LOFTINU. Í FJÖRUNNI ALLT UM KRING
LÁGU TRILLUR GRÁSLEPPUKALLANNA Á HVOLFI INNAN UM SKÚRA OG HÁKARLAHJALLA. TRILLUKARLARNIR
SELDU **NÝTAN RAUÐMAGA** OG **SIGNA GRÁSLEPPU** ÚR HJÓLBÖRUM VIÐ HÚSDYRNAR OG FISKBÍLLINN
KOM Í GÖTUNA ÞRISVAR Í VIKU. VIÐ KRÁKKARNIR VORUM LÍKA MEÐ ÚTGERÐ, SMÍÐUÐUM FLEKA
Í GRÍÐ OG ERG OG VORUM ALLTAF Á LEIÐinni Á SJÓ. EN EKKERT OKKAR FÓR NEMA VENNI
SEM VAR STAÐRÁÐINN Í AÐ HEIMSÆKJA **FORSETANN** OG SIGLDI ÚTÁ SKERJAFJÖRÐINN
Á GÖMLUM DÍVANI OG KOMST Í BLÖÐIN FYRIR VIKID. 

VIÐ SYSTURNAR FÓRUM ALLAR AÐ VINNA Í
FISKI ÞRETTÁN ÁRA GAMLAR OG
METTUM SÍÐAN Í ISBJÖRNINN Í

ÖLLUM SUMAR- OG JÓLAFRÍUM Í GAGGÓ. UM SVIPAD LEYTI BYRJUDUM VIÐ AÐ SUDA UM
FÁ AÐ FARA Í SIGLINGU. ÉG VAR SVO ORÐIN FIMMTÁN ÁRA ÞEGAR VIÐ HAFDÍS FENGUM
LOKSINS AÐ FARA Í ALVÖRU SIGLINGU. PABBI VAR ÞÁ KOMINN Á FOSSANA OG
VIÐ SIGLDUM UPP MANCHESTERSKIPASKURÐINN TIL
LIVERPOOL OG EYDDUM ÞAR ÞREMUR DÖGUM OG ALLRI
SUMARHÝRUNNI Í TÍSKUSKEMMUM OG PLÖTUBÚÐUM ÁN ÞESS AÐ KOMA

NOKKURN TÍMA Á BÍTLASLÓÐIR ENDA
VAR POPPSTJÖRNUDÝRKUN ÁKAFLEGA
VANÞRÓUÐ Á ISLANDI ÞÁ. ÞAÐ VAR YFIRLEITT
STILLT Á SKIPARÁÐIÐ HEIMA ÞEGAR EKKI VAR

áhöfmin

pólskir menn
og íslenskir

yfir menn
og undir

menn

hásetar

ruglið maður ruglið
svo skeður andskotams ekkert

gerist andskotams ekkert
gerist gummi

ég sagði það hemmi sagði
það skeður andskotams ekkert

það gerist andskotams ekkert gummi
það skeður andskotams ekkert heldur
hemmi minn

dauðahafið

ég prótestera ég
verð ekki sjóveik
frekar en faðir minn
afar forfeður vikingar

hef stigið ölduma
síðan ég fæddist á sjó
mammadaginn og blóðið
í æðum mér saltara em brim



**EFTIR AÐ FJÖLSKYLDAN EIGNAÐIST BÍL VAR FARIÐ Í
BÍLTÚR ÞEGAR PABBI VAR Í LANDI. ÞAÐ VAR SAMA HVERT FERÐINNI
VAR HEITID, PABBI ENDAÐI ALLTAF Á KJAFATÖRN NIÐRÁ GRANDA**

OG VIÐ STELPURNAR ÞEKKTUM ORÐID MARGA MÓTORBÁTA MEÐ
NAFNI OG HEILU SKIPSHAFNIRNAR Í SJÓN. ÞETTA LIÐ STRANDAÐI

SÍÐAN ALLT Í BÆNUNUM MANNS SEM LANGT FRAM Á UNGLINGSÁR HLJÓMUÐU EINS OG UPPLESTUR

Á KVEÐJUM Í ÓSKALÖGUM SJÓMANNA: **ELSKU GÓÐI GUD, viltu vaka yfir pabba og**

skipsfélögum hans á SURPRISE GK 100, áhöfnaði á m/b HELGU RE SO -

OG FYRR EN VARÐI HVÍLDI STÓR HLUTI FLOTANS Á MÍNUM LITLU HERÐUM. STUNDUM FENGUM

VIÐ AÐ SKREPPA UM BORD EN ÞEIR SKREPPITÚRAR VORU RÆKILEGA SKIPULAGÐIR EFTIR

AÐ HAFDÍS SYSTIR **PISSAÐI Í STÓRA MANNAKLÓSETTID Á HELGUNNI** ÞEGAR HÚN ÁTTI

AÐ VERA Í ÚTRÉTTINGUM MEÐ PABBA. SÚ KLÓSETTFERD VARÐ SVO ÆVINTÝRALEG Í FRÁSÖGN

HAFDÍSAR AÐ VIÐ ÁSTA FÓRUM Í MARGRA VIKNA FÝLV. AÐALSPORTID VAR SAMT AÐ FARA MEÐ AÐ

RÉTTA KOMPÁSINN EN ÞÁ RÉÐ **Kommi Kompás** STEFNUNNI Á SIGLINGUNNI UM SUNDIN.

WENN
UNDIR BILN
KVEÐJURNAR YFIRLEITT
PETTINUM
ESKU
MINNAR

VERID AÐ HLUSTA Á VEDURFREONIR OG FRÉTTIR. ÓSKALÖG SJÓMANNA FÓRU ÞÓ EKKI
FRAMNÁ OKKUR Á HEIMILINU OG VIÐ SYSTURNAR SENDUM PABBA TVISVAR SINNUM
KVEÐJU Í PETTINUM, Í FYRRA SKIPTID PÖNTUÐUM VIÐ LAGID

HÍFOPP ÆPTI KALLINN OG Í ÞAÐ SEINNA

FANNST OKKUR VIÐEIGANDI AÐ BIÐJA UM ÞRÚ HJÓL
ANNARS VORU ÁSTAR- OG SAKNAÐARKVEÐJURNAR
SENDAR MEÐ HUGLJÚFUM SJÓMANNAVÖLSUM SEM VORU SVO VINSELIR Í PETTINUM
AÐ ÞEGAR ÉG FÓR AÐ FULLORÐNAST RUNNU ÞEIR SAMAN Í EITT EILÍFÐAR VIÐLAG ÞESKU

SJÓMENN, TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður nemandi þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. *Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?*
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. *Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna“ í skólanum?*
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 5. júlí 2008 en laugardaginn 22. maí 2010?*

Svarir þú þessum spurningum játandi átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!

Skráningarfrestur er til 12. júní 2006.



MENNTASKÓLINN
HRAÐBRAUT

TVEIMUR ÁRUM
Á UNÐAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 517-5040
Fax: 517-5041

Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is

Ætla að gleyma mér í þessum heimi

Draumurinn um að slá í gegn hefur lengi fylgt íslenskum listamönnum sem leggja land undir fót í von um að ná augum og eyrum erlendra útsendara. Margir eru tilkallaðir en fáir útvaldir í hörðum heimi afþreyingariðnaðarins en stundum nægir að vera réttur maður á réttum stað. Freyr Gígja Gunnarsson heyrði í Anitu Briem, sem nýlega fékk hlutverk í A Journey to the Center of the Earth, og átti við hana rólyndisspjall um réttu hárgreiðsluna og hljóðlátt klifur upp á stjörnuhimininn.

Anita situr á stól og lætur hárgreiðslufólk pota í sig á stofu við Beverly Boulevard. Fólk frá kvikmyndaverunum fylgist með og vill vera með puttana í öllu enda á allt að vera fullkomið, hárið er ekki undanskilið; síddin, liturinn, þykktin, allt skiptur máli í stórrí Hollywood-mynd.

Flestar konur dreymir um að láta stjarna svona við sig en þetta er ekkert dekur heldur hörð og erfið vinna. Hluti af því að vera leikkona. „Ég eyddi sjö tímum í stólum á þriðjudaginn,“ segir Anita róleg og í bakgrunni má heyra hróp og köll enda gengur mikið á. „Hárgreiðslumeistararnum mínum var flogið frá Montreal,“ bætir hún við. „Dölinn er dyggð í þessum bransa og það þarf mikið jafnaðargeð til að nenna að standa í þessu,“ segir hún og hlær. „Hárið er hluti af því að finna réttu persónuna og þegar verið er að vinna við svona stóra mynd þarf liturinn að fara vel við húðlitinn og lýsast vel,“ útskýrir Anita og segist reyna að hafa gaman af þessum látum. „Geri þetta að litlum leik,“ útskýrir hún.

Nýgræðingurinn í LA

Hún er nýlega flutt til Los Angeles eftir að hafa leikið á sviði á Englandi með góðum árangri. Borgin, sem er hvað þekktust fyrir glys og glamúr, hefur komið henni skemmtilega á óvart. „Ég hef miklu meira einkalíf en ég reiknaði með,“ útskýrir hún. „Hver dagur er sérstakur og það er gaman að fá þessi tækifæri, upplifa ólíka menningu,“ bætir hún við og segist ekkert gangast upp í að vera með öllum stjörnunum sem landar hennar eru upp-tekni af. „Þegar ég þarf að sýna mig og sjá aðra get ég gert það en ég kys frekar að halda mig til hlés.“

Hjólin hjá Anitu fóru að snúast fyrir alvöru þegar hún fékk hlutverk í sjónvarpsþáttunum The Evidence. Upp-tökum lauk í febrúar og sýningar hófust í mars en lýkur í júní. Sjónvarpsíðnaðurinn í Bandaríkjunum er miskunnarlaus og The Evidence heldur ekki áfram eftir



MARTIN LANDAU Fékk Óskarinn fyrir túlkun sína á Bela Lugosi í Ed Wood og leikur með Anitu í sjónvarpsþáttunum The Evidence.

aðeins eitt ár á skjánum. „Þetta var hins vegar fin reynsla fyrir mig því þættirnir veittu mér aðgang að góðum umboðsmönnum,“ útskýrir Anita. „Þetta var skemmtilegur tími og mikil reynsla og þættirnir eru góð viðbót á ferilskrána,“ bætir hún við. „Auðvitað er líka fínt að geta hætt og ráðist í bíómyndirnar,“ segir hún.

Drátt fyrir að vera komin með hlutverk í kvikmyndinni Journey to the Center of the Earth með hinum vinsæla Brendan Fraser er Anita með báða fæturlana á jörðinni enda veit hún að hlutirnir breytast hratt í Englaborginni. Kvikmyndin er ekki beint byggð á bókinni frægu eftir Jules Verne þar sem Snæfellsjökull er í aðalhlutverki heldur er hún frekar sjálfstæð persóna í myndinni. Atburðarásin fer hins vegar fljótlega að líkjast meira því sem er að finna á síðum bókarinnar og Anita verður á hvíta tjaldu nánast allan tímann ásamt Fraser og hinum kornunga Josh Hutcherson.

Fyrstu prufurnar fyrir hlutverkið fóru fram fyrir fjórum mánuðum og hún las aðeins fjórum sinnum fyrir framleiðendurnar. „Hinir átján fundirnir snerust um að sannfæra alla stórlaxana um að ég gæti valdið þessu hlutverki og sjarmera þá,“ útskýrir Anita og segir að mjög nákvæmar lýsingar á því hvernig hún þyrfti að líta út hafi fylgt. „Það þýðir hins vegar ekkert að láta þessa hluti angra sig, svona er þetta fyrir nýgræðinga.“

Hrein og bein

Persónan sem Anita leikur er íslensk og leikkonan víðurkennir að hún fái að segja nokkur orð á

„Þegar ég varð sextán ára sá ég hins vegar að það var ekkert val lengur enda er mín kenning sú að ef þörfin eftir því að vera listamaður er ekki jafn sterk og þörfin eftir súrefni skaltu sleppa því.“

móðurmálinu í myndinni, sem vafalítið kitlar þjóðernisástina. „Reyndar fæ ég að búa þær til sjálf og er opin fyrir öllum hugmyndum að heiman sem fólk vill fá að heyra í myndinni,“ segir Anita og upplýsir að hún eigi ýmislegt sameiginlegt með persónu sinni. „Auðvitað er gaman að fá að hamra inn íslenska genið.

Hún er sterk og er ekkert að skafa af hlutunum. Hrein og bein að upplagi,“ segir hún og talið berst þá ósjálfrátt að Anitu sjálfri, sem segist reyna koma til dyranna eins og hún sé klædd. „Að geta verið hreinskilin við annað fólk er mjög erfitt því flestir reyna að krydda sannleikann um sjálfan sig,“ segir hún. „Sjálfr er ég mikil privatmanneskja og er ekki mikið fyrir að deila hlutum um sjálfan mig,“ bætir hún við. Víðurkennir síðan að þetta komi bandarískum karlmönnum oft í opna skjöldu þegar þeir fara á fjörurnar við hana. „Ameríkan-



ANITA BRIEM Hefur fólk til að hafa áhyggjur af framtíðinni og segist sjálf ætla að einbeita sér að því að leysa næsta verkefni vel af hendi.

ar eru með þessa deitmenningu á heilanum. Ég veit hvenær ég sé eitthvað gott og hvenær ekki. Segi annað hvort já eða nei takk á mjög hreinskilinn hátt, allt eftir því hvernig mér líst á þá,“ segir hún og bætir við að þeim bregði í brún við þessa séríslensku hreinskilni.

Tvö ár eru liðin síðan Anita kláraði Royal Academy of Dramatic Art, einn virtasta leiklistarskóla Breta. Þegar hún komst inn hafði Íslendingur ekki stigið þar fæti frá því á sjöunda áratugnum. Bestu umboðsmennirnir sitja um útskriftarnemanna og Anita fékk strax þó nokkuð að gera þegar náminu lauk en hún fékk meðal annars lítið gestahlutverk í einum vinsælasta þætti Breta, Dr. Who.

Stóra tækifærið kom þegar hún lék í leikritinu Losing Louie eftir Simon Mendes da Costa. „Þar var ég að vinna með frábærum leikurum og sýndi átta sýningar á viku í fimm mánuði,“ segir Anita og telur að þetta tímabil hafi mótað sig sem listamann. „Leikhúsið gaf mér góðan grunn til að byggja upp heilbriggt viðhorf áður en ég flutti hingað út,“ útskýrir Anita.

Vildi venjulega vinnu

Anita er dóttir Gunnlaugs Briem trommuleikara og Ernu Þórarinsdóttur söngkonu en ætlaði sér aldrei að verða hluti af listaflórinni. „Ég upplifði mjög óreglulegan vinnutíma og ólst upp í hornum á upptökverum og bak við trommusett,“ segir Anita og hlær. „Mér fannst því eins og ég

ætti að fá mér níu til fimm vinnu,“ bætir hún við.

Hugurinn stefndi fyrst að sálfræðinni enda fannst leikkonunni gaman að spá í hegðun fólks. „Þegar ég varð sextán ára sá ég hins vegar að það var ekkert val lengur enda er mín kenning sú að ef þörfin eftir því að vera listamaður er ekki jafn sterk og þörfin eftir súrefni skaltu sleppa því,“ segir Anita.

Leikkonan hefur mikinn metnað, vilja og ástríðu fyrir því sem hún er að gera.

Nýlegt stjörnuskin hefur ekkert blindað hana og Anita hefur litlar



BRENDAN FRASER Er vinsæll leikari í kvikmyndaborginni og hefur leikið í kvikmyndum á borð við George of the Jungle og The Mummy.

áhyggjur af framtíðinni þótt vegur nýstirna sé oft grýttur og erfiður yfirferðar. „Framtíðin breytist,“ segir hún spekinglega.

„Ég læt annað fólk um að hafa áhyggjur af framtíðinni og ætla sjálf að vera glöð og róleg og einbeiti mér að þessu núna. Það eina sem ég þarf að gera er að leysa þetta vel af hendi og ég hlakka til að gleyma mér í þessum heimi í þrjá mánuði.“



TIL HAMINGJU

Útskriftarhópurinn í tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi á vorönn 2006.

með árangurinn

Innritun á haustönn hafin

Nú líka á Akureyri!



Sýnishorn af námskeiðum í boði hjá Tölvuskólanum Þekkingu:

STARFSNÁM

Tölvu og skrifstofunám

260 stunda öflugt og ítarlegt starfsnám sem tekur á öllum þáttum tölvuvinnslu, bókhaldi og almennri skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum.

Tölvu og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðað 200 std. starfsnám þar sem tekin eru fyrir helstu skrifstofuforritin og bókhaldið.

Bókhald I

Hagnýtt 110 std grunnnám í hand- og tölvufærðu bókhaldi.

Bókhald II

Framhaldsæfingar í tölvufærðu bókhaldi.

Tollskýrslugerð

Ítarlegt námskeið í meðferð allra innflutningskjala og um allar helstu reglur er varða innflutning.

ALMENNT TÖLVUNÁM

Byrjendanámskeið

Vinsælt 42ja std námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri í tölvunotkun.

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt (starfsmiðað) 63ja stunda námskeið fyrir lengra komna.

TÖK tölvunám

Fyrir fólk á öllum aldri sem vill ítarlega þekkingu í öllum helstu skrifstofuforritunum og alþjóðleg próf útfærið af Skýrslutækniálagi Íslands því til staðfestingar.

Eldri borgarar 60+

Vinsæl námskeið sérstaklega ætluð 60 ára og eldri. Byrjendahópar og námskeið fyrir þá sem einhverja reynslu hafa af tölvunotkun hefjast í byrjun september.

VEFUR OG GRAFÍK

Grafísk hönnun

Sérlega hagnýtt 105 stunda nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri hönnun í tölvu. Photoshop, Illustrator, InDesign, PDF í Acrobat ofl.

Vefsíðugerð grunnur

Byrjunarreitur þeirra sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Photoshop og FrontPage.

Vefsíðugerð framhald

Hagnýtt framhaldsnámskeið ætlað þeim sem vilja vinna heimasíðu í Dreamweaver með sérstakri áherslu á gagnagrunnstengingu.

Stafrænar myndavélar & meðferð stafrænna mynda

Vinsælt 3ja kvöld námskeið um stafrænar myndavélar og í meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

STÖK FORRIT

- Access
- ASP.NET vefforritun
- Dreamweaver grunnur
- Excel grunnur
- Excel í skipulagi & stjórnun
- Flash
- Front Page
- Internet og tölvupóstur
- Navision
- Outlook póstur og skipulag
- PDF í Acrobat
- PowerPoint
- Photoshop
- WindowsXP grunnur
- Word I & II
- Öryggi og vírusvarnir

MICROSOFT SÉRFRÆÐINÁM

Eftirfarandi Microsoft námskeið verða í boði á haustönn 2006:

- MCDST
- MCSA
- MCSE



KENNARANÁMSKEIÐ

Kennaranámskeið I

Stutt grunnnámskeið í upplýsingatækni ætlað kennurum á öllum skólastigum.

Kennaranámskeið II

Stutt framhaldsnámskeið sérstaklega sniðið að þörfum kennara og hvernig þeir geta nýtt sér tölvutæknina í starfi sínu.

NÝTT - FJARNÁM

- Forritun C#, byrjendur
- Forritun C#, framhald
- Gagnasafnsfræði
- C++, byrjendur
- C++, framhald
- Photoshop fyrir stafræna útljósmyndun
- Excel í stjórnun og skipulagi

NÝTT - BÖRN OG UNGMENN

- Sjónvarpsþættir og fréttir
- Gerð blogg síðna



TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Innritun í síma 544 22 10
og á www.tsk.is

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Stéttarfélög og Alcoa Fjarðaál hafa gert nýstárlegan vinnustaðarsamning fyrir starfsmenn í framleiðslu- og viðhaldsstörfum í álverinu á Reyðarfirði. Samningurinn hvílir á gagnkvæmu trausti og sameiginlegum árangri og miðar að því að búa til framúrskarandi vinnustað. Launakjör ráðast af verksviði, ábyrgð, fjölhæfni og frammistöðu starfsmanna. Í stað hækkana vegna starfsaldurs er umbunað fyrir aukna hæfni, ábyrgð, þátttöku í stöðstarfsemi og hlutdeild í bættum árangri fyrirtækisins.



Knattspyrnuæfing í Fjarðabyggð



Launakjör

Laun framleiðslustarfsmanna

Byrjunarlaun framleiðslustarfsmanns eru **3.316.000 kr.** á ári fyrir fullt starf í vaktavinnu með orlofsuppbót, desemberuppbót, yfirvinnu vegna vaktafyrirkomulags, stoðferlaálagi og 15% árangursávinningi sem viðmiði. Markmiðið er að allir framleiðslustarfsmenn öðlist þá hæfni og ná þeim árangri að þeir fái hærri laun samkvæmt samningnum. Þegar framleiðslustarfsmaður hefur fengið þjálfun og vottun til að vinna á tilskildum fjölda starfsstöðva eru sambærileg viðmiðunarlaun yfir árið **3.732.000 kr.**

Laun iðnaðarmanna

Byrjunarlaun iðnaðarmanns, með sveinspróf og minna en þriggja ára starfsreynslu í faginu, eru **4.108.000 kr.** fyrir fullt starf í vaktavinnu með orlofsuppbót, desemberuppbót, yfirvinnu vegna vaktafyrirkomulags, stoðferlaálagi og 15% árangursávinningi sem viðmiði. Þegar iðnaðarmaður, með sveinspróf og þriggja ára starfsreynslu í faginu, hefur staðist hæfnismat í viðhaldsstarfi eru sambærileg viðmiðunarlaun yfir árið **4.915.000 kr.**



Óskar Borg, framkvæmdastjóri innkaupasviðs Fjarðaáls, setti upp svuntuna og bakaði vöflur fyrir samningamenn þegar skrifað var undir vinnustaðarsamninginn.

Nútímaálver er hátæknivæddur vinnustaður.



Árangur

Árangurstenging

Sameiginlegur frammistöðuávinningur starfsmanna er 0-30% af mánaðarlaunum, vaktaálagi og unninni yfirvinnu, með 15% sem viðmiði fyrir eðlilega frammistöðu. Tilgangurinn er að deila ávinningi fyrirtækisins með starfsmönnum og tryggja að liðsheimdin vinni saman að því að ná stöðugt betri árangri eftir áherslum í starfseminni hverju sinni, svo sem á sviði framleiðslu, öryggis, umhverfis og þjónustu.

Stuðningur

Allir styðja alla

Allir þeir sem samningurinn nær til fá 19.000 kr. stoðferlaálag á mánuði fyrir að taka þátt í margvíslegum verkefnum sem styðja álframleiðsluna og málminnsluna. Þannig öðlast starfsmenn betri skilning á starfseminni í heild sinni og hafa meiri áhrif á starfsumhverfi sitt. Stuðningsverkefni geta meðal annars tengst stöðugum endurbótum, vinnuvernd, umhverfi, þjálfun, móttöku gesta eða samþættingu vinnu og fjölskyldulífs. Stuðningsverkefni koma til viðbótar daglegum störfum en vinnast innan reglulegs vinnutíma.



Hluti af starfsmönnum Fjarðaáls fær þjálfun í álveri Alcoa í Kanada.

Hæfni

Greiðsla fyrir fjölhæfni

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á að starfsmenn auki stöðugt hæfni sína og vinni fjölbreytt störf. Þegar framleiðslustarfsmaður hefur hlotið þjálfun og vottun á tilteknum fjölda vinnustöðva fær hann greitt sérstakt fjölhæfniálag, 5% af grunnlaunum, vaktaálagi og unninni yfirvinnu. Þjálfunin getur tekið 18-36 mánuði. Til þess að fá 5% fjölhæfniálag þarf iðnaðarmaður að standast hæfnismat í viðhaldsstarfi.

Reyðfirðingurinn Guðný Björg Hauksdóttir sér um ráðningar hjá Alcoa Fjarðaáli.

Frá hæfni til árangurs



Árangur liðsheildarinnar.

Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls, við þjálfun í Brasilíu, fagna góðum árangri í knattspyrnuleik við heimamenn.

Vinnutími

Yfirvinna og vaktir

Hluti starfsmanna Fjarðaáls mun vinna á vöktum. Full vaktavinna er 36 virkar vinnustundir á viku að meðaltali. Vaktakerfi miðar við 8 klst. vaktir á virkum dögum og 12 klst. vaktir um helgar, samtals 39 virkar vinnustundir á viku að meðaltali. Gert er ráð fyrir 16,8 klst yfirvinnu á mánuði vegna vaktakerfis og vaktaskipta.

Hlunnindi

Ferðir, fæði og líkamsrækt

Starfsmenn eiga við upphaf og lok venjulegs vinnudags og við vaktaskipti kost á endurgjaldslausum ferðum milli álversins og Reyðarfjarðar, Eskifjarðar, Fáskrúðsfjarðar, Neskaupstaðar, Stöðvarfjarðar og Egilsstaða. Á vinnustaðnum fá starfsmenn eina máltíð daglega. Fjarðaál greiðir hverjum starfsmanni árlega 12.000 kr. styrk til að stunda líkamsrækt.



Líkamsræktarstyrkinn geta starfsmenn meðal annars notað í nýrri og glæsilegri sundlaug á Eskifirði í 7 kílómetra fjarlægð frá álverinu.

Störfin henta jafnt konum sem körlum



Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli. Starfsumhverfi er hannað þannig að öll störf henta jafnt báðum kynjum og stefnt er að góðri aldursdreifingu starfsmanna.



Þitt tækifæri



Við leitum að góðu fólki í fjölbreytt framleiðslustörf sem felast meðal annars í stjórnun framleiðslutækja, framleiðslukerfa og farartækja. Unnið er samkvæmt verkferlum í teyrum á mismunandi starfsstöðvum.

Þegar framleiðslustarfsmaður hefur fengið þjálfun og vottun til að vinna sjálfstætt á tilskildum fjölda starfsstöðva eru viðmiðunarlaun yfir árið um 3.732.000 kr. fyrir fullt starf í vaktavinnu.



Við leitum að fagmenntuðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi sem á að tryggja áreiðanleika framleiðslunnar og hámarka um leið nýtingu og endingu tækjabúnaðar.

Þegar iðnaðarmaður, með sveinspróf og þriggja ára starfsreynslu í faginu, hefur staðist hæfnismat í viðhaldsstarfi eru viðmiðunarlaun yfir árið 4.915.000 kr. fyrir fullt starf í vaktavinnu.



Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störf á heimasíðu IMG Mannafli-Liðsauka, www.mannafl.is og láta ferilskrá fylgja með.

Frekari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug@img.is) og Helgu S. Guðmundsdóttur (helgas@img.is) hjá IMG Mannafli-Liðsauka.

BJART FRAMUNDAN Í IÐNNÁMI

Nemum í iðnnámi í lðnskólanum í
Reykjavík fer fjölgandi

ATVINNA 6



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRAMTÍÐARSTARF

í boði hjá BYKO Breidd

Starfskraftur óskast í málningardeild

Starfsvið:

- Sölustarf í málningardeild
- Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Jákvætt viðmót og þjónustulipurð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og nákvæm vinnubrögð
- Kostur er að viðkomandi hafi þekkingu eða reynslu af málningarvinnu

Um fullt starf er að ræða

Viðkomandi þarf að geta hafið
störf sem fyrst.

Starfsfólk óskast einnig í hlutastörf um helgar

Starfsvið:

- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Umsjón með ákveðnum svæðum
verslunar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Jákvætt viðmót og þjónustulipurð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og nákvæm vinnubrögð
- Lönnmenntun eða þekking/reynsla
af byggingamarkaði kostur

Nánari upplýsingar veita Rúnar, verslunar-
stjóri í síma 515-4245 og með tölvupósti,
runar@byko.is og Elfa, starfsþróunarstjóri í
síma 515-4161 og með tölvupósti, elfa@byko.is

Umsóknir berist til Elfu B. Hreinsdóttur,

Skemmuveg 2, 200 Kópavogi eða með tölvupósti, elfa@byko.is

Einnig er hægt að sækja um starfið á vef BYKO, www.byko.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál



BYKO ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SÍNU SVIÐI

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum
við ávallt að leita að góðu fólki. Það fólk sem við
ráðum til starfa þarf að búa yfir hæfileikum til að
starfa sjálfstætt, vera jákvætt og eiga mjög gott
með að vinna með öðrum.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

flugrútan flybus

Kynnisferðir ehf. – Flugrútan óska eftir að ráða bílstjóra til
sumarrafleysinga eða í fullt starf, sem fyrst. Unnið er á
vöktum eða virka daga.

Umsækjendur þurfa að hafa rútuþróf og reynslu af akstri,
einnig er þess krafist að menn hafi hæfni til jákvæðra,
mannlegra samskipta.

Umsóknareyðublöð fást hjá Kynnisferðum ehf. í Vestur-
vör 6, Kópavogi, og í afgreiðslu Flugrúttunnar á BSÍ. Einnig
er hægt að senda umsóknir á netfangið sigridur@re.is

Upplýsingar um starfið eru veittar í Vesturvör 6 og í síma
860-0314 (Sveinn).

Öllum umsóknum er svarað og farið með þær
sem trúnaðarmál.



Traust fólk

Fasteignasali

SPRON óskar eftir að ráða traustan fasteignasala til starfa.

Um er að ræða lifandi og fjölbreytilegt starf sem felst fyrst og fremst
í mati og endurmati á gæðum fasteignatrygginga SPRON og að auki
aðstoð við sérhæfða skjalagerð. Unnið er í náninni samvinnu við aðra
starfsmenn SPRON sem sinna útlánamálum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjandi þarf að vera löggiltur fasteignasali og hafa starfað
sem slíkur í a.m.k. þrjú ár
- Víðtæk reynsla af mati á fasteignum
- Reynsla af skjalagerð og frágangi samninga
- Nám á háskólastigi er æskilegt
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og nákvæmni í vinnubrögðum
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar um starfið veitir Þórný Pétursdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra SPRON
sparisjóðs. Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is
fyrir 2. júlí nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Söluráðgjafi

á sparisjóðasviði SPRON.

Starfið felst í áframhaldandi uppbyggingu á sölustarfi SPRON
sparisjóðs á sviði fyrirtækjaviðskipta með áherslu á kynningar til nýrra
viðskiptavina.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af sölu- og ráðgjafarstörfum
- Viðskiptamenntun eða sambærileg menntun er æskileg
- Reynsla og þekking á rekstri fyrirtækja er æskileg
- Sjálftæði, frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Rík þjónustulund ásamt hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar um starfið veitir Ágústa Hjaltadóttir, verkefnastjóri á sölusviði
SPRON sparisjóðs. Umsóknir óskast sendar á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is
fyrir 2. júlí nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



www.spron.is

Database Administrator



CCP er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og áskriftarsölu á
stafrænni afþreyingu gegnum Internetið. CCP var stofnsett
1997 og fyrsta vara fyrirtækisins er leikurinn EVE Online.

Starfssvið:

- Sjá um rekstur SQL þjóna fyrirtækisins ásamt öðrum
miðlægum kerfum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Microsoft SQL Certifications
- Aðrar Certifications eru æskilegar
- Reynsla af rekstri MS SQL þjóna, SQL Scripting,
performance tuning, Clustering o.s.fr.v.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is)
og Hildur Sif Arnardóttir (hildursif@img.is) hjá Mannafli -
Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk. Umsækjendur
eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu
Mannafli - Liðsauka.



Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140
mannafli@img.is www.mannafli.is www.img.is

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 59 skrifstofum í 23 löndum.



STARFSMENN Á BÍLAVÖLL ÓSKAST

Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum til starfa á bílavelli Samskipa. Um er að ræða störf við losun á bílum úr gámum, að leggja bílum í stæði og afgreiðsla á bílum.

Vinnutími

Dagvinna frá kl. 07.55-16.00.

Hæfniskröfur

Gerðar eru kröfur um frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi skal hafa fagaða framkomu, lipurð í mannlegum samskiptum og ríka þjónustulund. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi gild ökuréttindi. Lyftara- og vinnuvélaréttindi eru kostur en ekki skilyrði. Umsækjandi skal hafa hreinan sakaferil.

Áhugasamir

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa, www.samskip.is (veljið „Starfsmenn á bílavöll“) fyrir 16. júní 2006. Sigurður Petersen, rekstrarstjóri, veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8460.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is



Sölumaður

Framtíðarstarf

Sölufólk óskast í húsgagnadeild
Húsgagnahallarinnar

Starfsvið sölumanns

- Sala á húsgögnum
- Umsjón með framsetningu vara í deildinni
- Önnur tilfallandi verkefni í húsgagnaverslun

Hæfniskröfur:

- Jákvætt viðmót og þjónustulipurð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á húsgagnamarkaði kostur
- Áhugi, drifkraftur og metnaður til að ná árangri

Æskilegt að viðkomandi geti hafið
störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita

Sigurjón verslunarstjóri í síma 585-7205 og með tölvupósti, sigurjon@husgagnahollin.is og Elfa í síma 515-4161 eða með tölvupósti, elfa@husgagnahollin.is

Umsóknir berist fyrir 19. júní til Sigurjóns Guðfinnssonar, Húsgagnahöllinni Bildshöfða 20, 110 Reykjavík eða með tölvupósti, sigurjon@husgagnahollin.is



HÚSGAGNAHÖLLIN



TÖLVUSMIÐJAN

Kerfisstjóri – netmaður

Starf á austurlandi.

Verið er að leita að einstaklingi til að sinna daglegum rekstri á netþjónum, útstöðvabúnaði og notendapjónustu. Aðallega er um að ræða rekstur á búnaði í hýsingarþjónustu og kerfislegu.

Hæfniskröfur:

- Afburðarþekkingar á Microsoft hugbúnaði og æskilegt að viðkomandi hafi MCSE vottun.
- Þekking á viðnetsbúnaði (Cisco).
- Skípulagshæfni.
- Þjónustulund og sjálfstæði í starfi
- Metnaður og almenn reglusemi.

Um Tölvusmiðjuna
Tölvusmiðjan er leiðandi fyrirtæki í upplýsingatækni á austurlandi með starfsstöðvar á Egilsstöðum og í Neskaupstað. Austurland býður upp á fjölskylduvænt umhverfi, má þar nefna stuttar vegalengdir í vinnu, skóla, íþróttir, veiði, golf, gönguferðir og fallega náttúru.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Fjöltnir Albertsson framkvæmdastjóri. Umsóknir skulu berast með tölvupósti á starf@tolvusmidjan.is, ásamt upplýsingum um menntun, reynslu og meðmælum.

Íspólska ráðningarþjónustan Útvegar starfsfólk frá Póllandi

Upplýsingar og góða þjónustu færðu
hjá Ingibjörgu M. Þorvaldsdóttur
í sínum 8947799.

eða ispolska@simnet.is



Pípulagningarmenn

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag
eftir að ráða pípulagningarmenn.

Upplýsingar gefa Hannes Helgason í síma 693-7012
Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins
www.jbb.is

Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsað-
stöðu og líflegt starfsmannafélag.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



Lífeyristryggingar

Tryggingastofnun óskar eftir að ráða starfsmenn á lífeyristryggingasvið í tengslum við eftirlit, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta.

Á lífeyristryggingasviði eru 35 starfsmenn. Sviðið annast m.a. greiðslu elli- og örorkulífeyris og tengdra bóta, auk fjölskyldutengdra greiðslna. Fyrirhugað er að bæta við nokkrum nýjum stöðugildum. Upphafstími ráðningar er samkomulagsatriði.

Eftirlit með lífeyrisgreiðslum

Helstu verkefni:

- Eftirlit með réttmæti bótagreiðslna og þróun verkferla
- Þátttaka í mótun á fyrirkomulagi eftirlits innan nýs tölvakerfis
- Meðferð og greining tölulegra upplýsinga og útreikningar
- Aðkoma að ýmiss konar vinnslu í tölvukerfum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun er æskileg. Önnur menntun eða reynsla sem nýst gæti í starfinu kemur þó einnig til álita
- Færni í notkun helstu tölvuforrita og í að nýta upplýsingakerfi sem greiningartæki
- Færni í meðferð tölulegra upplýsinga og útreikninga
- Frumkvæði og metnaður til að takast á við krefjandi verkefni og ná árangri
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og samvirkusemi
- Jákvætt viðmót og samskiptahæfileikar

Lögfræðingur

Helstu verkefni:

- Ákvarðanatæki um greiðslurétt
- Afgreiðsla erinda sem berast vegna lífeyris- og fjölskyldumála
- Ritun greinargerða vegna kærumála
- Aðstoð við mótun og viðhald verklagsreglna
- Leiðbeiningar og aðstoð við starfsfólk og viðskiptavinum

Menntun og hæfniskröfur:

- Embættispróf í lögum
- Þekking á sviði stjórnsýsluréttar
- Mjög gott vald á íslensku tungu
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og vandvirkni
- Jákvætt viðmót og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Skúlason, starfsmannastjóri, sími 560 4400, netfang gujdj@tr.is. Umsóknarfrestur er til 26. júní nk. Umsóknir skulu sendast starfsmannþjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík í pósti eða rafrænt (starf@tr.is). Í umsóknum þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar niðurstaða um ráðningu liggur fyrir.

Tryggingastofnun ríkisins
www.tr.is
Laugavegur 114 – 150 Reykjavík
Sími 560 4400 – Fax 560 4451

ANNATA LEITAR AÐ ÚRVALS FÓLKI

Vegna vaxandi umsvifa héraðs og erlendis vantar sérfræðinga til starfa.

Hjá Annata hf. starfa 20 einstaklingar í skemmtilegu og óþvinguðu starfsumhverfi. Umbunin er fyllilega í takt við framlag og mjög samkeppnishæf. Mikil áhersla er lögð á þjálfun starfsmanna og faglegur aðbúnaður er fyrsta flokks. Þó vinnan sé tekin alvarlega skemmtum við okkur reglulega og starfsmannafélagið er mjög virkt.

• Verkefnastjóri við þróun og innleiðingu ValuePlan sölu- og fjárhags-áætlanagerfis

Við viljum ráða einstakling með viðskipta-, verkfræði-, eða tölvunarfræðimenntun til að leiða þróun, þjónustu og markaðssetningu áætlanagerfis sem þegar er í fremstu röð á innlendum markaði. Hugmyndaaudgi, drifkraftur og stjórnunarhæfileikar eru skilyrði. Þekking á gagnagrunnum og forritun er mjög æskileg.

• Dynamics AX (Axapta) og .NET forritarar

Við viljum ráða kerfis-, tölvunar-, eða verkfræðinga með reynslu af forritun í viðskiptahugbúnaði s.s. Axapta, Navision eða SAP. Nýútskrifaðir kerfis- og tölvunarfræðingar með brennandi áhuga og sterkan námsferil koma einnig til greina.

• Ráðgjafar og verkefnastjórar við innleiðingu Dynamics AX (Axapta) viðskiptahugbúnaðar

Við viljum ráða einstaklinga sem lokið hafa menntun á háskólastigi og hafa brennandi áhuga á og/eða reynslu af hagnýtingu upplýsingatækni í rekstri fyrirtækja. Leitað er að árangursdrifnum og sjálfstæðum einstaklingum, sem jafnframt eiga auðvelt með að ná árangri í sterkum hópi jafningja. Þekking á uppsetningu og aðlögun launakerfa mikill kostur.

• Gagnagrunssérfræðingar/forritarar og OLAP sérfræðingar

Sjónvarpstöðin MTV hélt hina árlegu kvikmynda- verðlaunahátíð 3. júní síðastliðinn í Kaliforníu.

Stjörnurnar létu sig ekki vanta á þennan skemmtilega viðburð og voru veitt verðlaun í hinum ýmsu flokkum. Sigurvegari kvöldsins var gamanmyndin Wedding Crashers með þeim Owen Wilson og Vince Vaughn en hún rakaði til sín verðlaunum meðal annars sem besta myndin, besta leikarateymið og besta frammistaða í grínmynd sem fór í hendurnar á leikkonunni Isla Fisher. Leikarinn Jake Gyllenhaal hreppti verðlaunin fyrir besta kossinn og besta leikinn en hann lék í óskarsverðlaunamyndinni Brokeback Mountain ásamt Heath Ledger. Kynnir kvöldsins var leikkonan yndisfagra Jessica Alba og vann hún einnig verðlaun fyrir kynþokkufyllstu framkomuna en hún lék eftirminnlega í kvikmyndinni Sin City. Fleiri verðlaun voru afhent og ber þar hæst að nefna Jim Carrey sem fékk verðlaun fyrir framlag sitt til kvikmynda í gegnum árin.



BESTI KOSSINN Jake Gyllenhaal tekur við verðlaunum fyrir besta kossinn. Kossinn frægi var á milli hans og Heath Ledger í myndinni Brokeback Mountain.



KRÚTTLEG LEIKKONA Kate Bosworth var mætt til leiks til að kynna verðlaun og klæddist hún stuttum hvítum kjól sem gæti verið tekinn beint frá árinu 1960.



LÍÓSHÆRÐI SÖNGFUGLINN Christina Aguilera tróð upp fyrir gesti og sést hér í sveiflu ásamt dónsurum sínum.



BREGÐUR Á LEIK Grínistinn og leikarinn Jim Carrey vann heiðursverðlaun þetta kvöldið og var sjálfum sér líkur við afhendinguna. Hann var klæddur hvítt frá toppi til tær.



BRESKA FEGURDÁRÐISIN Kate Beckinsale mætti á hátíðina eins og klippt úr tiskublaði í svörtum samfestingi með hvítt belti í mittinu.



SÖNGKONAN VERÐUR LEIKKONA Jessica Simpson þreytti frumraun sína á hvíta tjaldu á þessu ári í myndinni Dukes of Hazzard og var hún tilnefnd fyrir kynþokkafyllstu framkomuna.



FLOTTAR X-KONUR Leikkonurnar Rebecca Romijn og Famke Janssen voru glæsilegar á sviðinu og var vel við hæfi að láta þær kynna kynþokkafyllstu framkomuna. Janssen var í glæsilegum myndskreyttum kjól.

TILBOÐS BIÓ LAUGARÁS BIÓ ÓDÝRT Í BIÓ KR. 400

ATH. SÝND KL. 2

400 KR.

THE X-MEN THE LAST STAND

RAUÐHETTA

400 KR.

ATH. SÝND KL. 2

ÍSLENSKT TAL

SKROLLA OG SKELFIR

400 KR.

ATH. SÝND KL. 4

ÍSLENSKT TAL

ÍSÖLD

400 KR.

ATH. SÝND KL. 2

ÍSLENSKT TAL

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNGAR DAGSINS

· ADEINS 400 KR ·

FRUMSÝNING

S.O.S.
Pottþettur hasarpakkí. Allir í bátana og ekkí missa af Poseidon. P.P. FRETTLABÍÓ

POSEIDON
HALTU NIÐRI Í ÞÉR ANÐANUM. MÓGNUG SPENNA. FRÁ BYRJUN TIL ENDA.

ÁLFABAKKA

POSEIDON	KL. 1:30-3:40-5:50-8-10:10	B.I. 14
POSEIDON VIP	KL. 1:30-3:40-5:50-8-10:10	
SHE'S THE MAN	KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20	
X-MEN 3	KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20	B.I. 12
AMERICAN DREAMZ	KL. 5:50-10:10	
THE SHAGGY DOG	KL. 1:30-3:40-5:50	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:30	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 4-8	B.I. 10
BAMBI 2 isl. tal	KL. 2	

ÁLFABAKKI S: 587-8900

AMANDA BYNES

Nú er komið að henni að skora.

she's THE MAN

KEFLAVÍK

POSEIDON	KL. 6-8-10	B.I. 14
X-MEN 3	KL. 3-5:45	B.I. 12
THE DA VINCI CODE	KL. 10:30	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 2-4	
THE INSIDE MAN	KL. 8	

AKUREYRI

SHE'S THE MAN	KL. 4-6-8-10	
POSEIDON	KL. 8-10	B.I. 14
AMERICAN DREAMZ	KL. 6	
THE SHAGGY DOG	KL. 4	

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

V.J.V. - TOPPSÍS

FRÁ J.J. ABRAMS, HÓFUNDI ALIAS OG LOST!

TOM CRUISE

M:I-III

ADGERÐIN ER HAFIN

KRINGLUNNI

SHE'S THE MAN	KL. 1:50-3:45-6-8:15-10:30	
POSEIDON	KL. 6-8:15-10:30	B.I. 14
AMERICAN DREAMZ	KL. 3:50-8	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 10:10	B.I. 14
SHAGGY DOG	KL. 2-4	
SCARY MOVIE 4	KL. 2-6	B.I. 10

FRÉTTLABÍÓ

SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800

S.O.S.

VINSÆLASTA MYNDHEIMS Í DAG!

THE DA VINCI CODE

LETTID SANNLEIKANS

HÁSKÓLABÍÓ

POSEIDON	KL. 5-7-9-11	B.I. 14
THE DA VINCI CODE	KL. 4-6-8-10	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 4-6-8	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10	B.I. 14

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Áfram Rússland!

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Þessi plata er búin að komast mjög nálægt því að sprengja á mér hljóðhimmurnar síðustu daga. Veit ekki af hverju, en þegar ég set þessa plötu í gang á iPodnum mínum er eins og puttarnir á mér öðlist sitt eigið líf og áður en ég veit af er ég að fylgjast með sjálfum mér hækka í botn, fólkinu í kringum mig til mikils ama. En hvað með það? Á meðan það kvartar ekki lít ég svo að hljóðtruflunin sé samþykkt.

Þessi sveit hefur mjög skemmtilegan og ruslalegan stíl. Hún hljómar svolítið eins og ef söngvari Big Country og Nick Rhodes, hljómborðsleikari Duran Duran, hefðu gengið til liðs við At the Drive-In eftir að söngvari þeirrar sveitar og gítarleikari sprengu hana upp í öreindir sínar. Beittar og grípandi gítarlínur ofan á gífurlega öflugar rokktrömmur og bassa sem eru undir svipuðum áhrifum og piltarnir í Bloc Party. Það er þó aldrei langt í að trommurnar missi sig inn í diskóbítíð í mest grípandi köflunum. Sum lögín eru svo skreytt með barnalegum hljóðgervlum frá níunda áratugnum. Þetta svínvirkar og er svo orkuhlaðið og fullt lífi að það er ómögulegt að stappa ekki fótunum í takt. Get líka ímyndað mér að þetta sé mjög öflug tónleikasveit. Þetta er þó hugsanlega örlítið of drullugt fyrir meginstraumsútvarp, en þessi plata á án efa eftir að flakka landa á milli á meðal tónlistargrúskara. Án efa ein athyglisverðasta bílskúrsfusion-rokksveit Breta um þessar mundir.

Leikur sjálfan sig

Forseti Frakklands, Jacques Chirac, kemur fram í gamanheimildarmynd um sitt eigið líf. Forsetinn, sem hefur verið sakaður um pólitíska spillingu, verður hafinn upp til skjýanna í kvikmyndinni Inside the Skin of Jacques Chirac. Þrátt fyrir að flestir reikni með að Frakkar flykkist á myndina til að hlæja að leiðtoga sínum segir leikstjóri myndarinnar, Karl Zero, að hann vilji sýna mannlega hlið á forsetanum. „Þetta er saga manns sem hefur notið fánlegrar heppni og hefur einstakan hæfileika til að snúa ósigrum í sigra.“ ■



FORWARD RUSSIA: GIVE ME A WALL

Niðurstaða: Frumraun Forward Russia er full af lífi og ferskleika. Án efa besta rokkplata sem hefur komið frá Bretlandi það sem af er þessu ári.

Öll lögín ellefu eru nægilega sterk til þess að sitja í manni. Það eina sem fer örlítið í taugarnar á mér er það að þau heita engum sérstökum nöfnum. Lögín eru bara merkt með prentuðum tölustöfum. Kannski eru þau nefnd eftir því í hvaða röð þau voru samin. Þannig heita lögín á þessari plötu sjö til nitján, vantar samt fullt á milli sem gefur þá til kynna að sumar lagasmíðar sveitarinnar hafi ekki náð alla leið á plötuna. Þetta gerir það að verkum að það er hálf ómögulegt að muna nöfn laganna, en gefur þó skemmtilega innsýn í vinnuferli sveitarinnar.

Ef þú elskar ungæðilega og ferska rokkónlist, þá máttu ekki láta þessa framhjá þér fara. Ég spái því að þessi sveit eigi eftir að eiga mjög gott ár.

Birgir Örn Steinarsson

Hegðunarvandanámál Lohan

Lindsay Lohan eignaðist heldur betur valdamikinn óvin á ráðstefnu fatahönnuða sem haldin var nýlega. Anne Wintour, sem er talin ein valdamesta manneskjan í tískuheiminum, fannst Lohan fara full oft á klósetið og lét það fara í taugarnar á sér. Wintour, sem hefur oft verið kölluð „Djöfullinn í Prada“, hvíslaði að aðstoðarmönnum sínum hjá tímaritinu Vogue að ef Lohan ætlaði að venja sig á slíka hegðun gæti hún gleymt boðskortunum í Vogue-teitinn. Ein af senditíkum Wintour laumaði sér síðan til Karl Lagerfeld, sem kom með Lohan og það hann vinsamlegast um hafa stjórn á leikkonunni.



LINDSAY LOHAN Þótti fara of oft á klósetið að mati ritstjórans Önnu Wintour. FRÉTTLABÍÓ/GETTY IMAGES

Hrikalegur sviðsskrekur

Rita Wilson, sem er ef til vill betur þekkt sem eiginkona Tom Hanks, kveið svo fyrir frumsýningu á söngleiknum Chicago að hún kallaði á vinkonu sína Brooke Shields til að fá ráð. Wilson leikur hina morðóðu Roxie Hart en Shields var í sama hlutverki á West End fyrir nokkru. Það sem kom Wilson mest á óvart var að Shields viðurkenndi að hún hefði upplifað alveg sama kvíða. „Shields var ótrúlega fyndin,“ sagði Wilson við bandaríska blaðið New York Post. „Hún sagði mér að stundum hefðu komið dagar þar sem hana langaði til að henda sér fyrir bíl þannig að þessu yrði öllu lokið,“ hélt Wilson áfram. „Hún tók þó fram að þessir dagar myndu koma og hverfa jafnskjótt og þá yrði allt frábært.“ ■

OPIÐ HÚS

Á morgun verður opið hús í Verzlunarskóla Íslands milli kl. 15:00 og 18:00

- Námsráðgjafar og kennarar skólans verða til viðtals og geta nemendur innritað sig á staðnum.
- Nemendur kynna félagslífið í máli og myndum.
- Gestir geta skoðað húsakynni skólans.
- Léttar veitingar.
- Nánari upplýsingar á www.verslo.is og á skrifstofu skólans í síma 5 900 600.

Umsóknarfrestur er til kl. 24:00
mánudaginn 12. júní

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



CHIRAC Leikur sjálfan sig í gamanheimildarmynd um líf sitt.



Silja tók gull í Hollandi

Silja Úlfarsdóttir, frjálispróttakona úr FH, hljóp á 58,76 sekúndum og vann glæsilegan og öruggan sigur í 400 metra grindahlaupi á móti í Leiden í Hollandi í gær. Hún var 1,2 sekúndum á undan þeirri sem hafnaði í öðru sæti.

sport
sport@frettabladid.is

60 MEÐ DAÐA LÁRUSSYNI

FH er... besta liðið á Íslandi.

Fótbolti er... skemmtilegasta íþróttin.

Að vera markmaður er... vanþakklátt.

Að fá þrumuskot í sig er... gott/vont.

Best klæddi leikmaður FH... Davíð Þór Víðarsson.

Óli Jó er... góður smíður og góður þjálfari.

Að verja viti er... bara gaman.

Besti markmaður í heimi í dag... Petr Cech.

Besti markmaður allra tíma... Peter Schmeichel.

Popp eða rokk... rokk

Die Hard eða Rocky... Rocky.

HM í fótbolta er... góð skemmtun.

Hverjir verða heimsmeistarar... Ítalir



> Frestað í Eyjum

Vegna þoku var ófært til Vestmannaeyja í gær og því var leik ÍBV og KR í Landsbankadeild karla frestað. Áætlað er að leikurinn fari fram í dag á Hásteinsvelli og hefjist klukkan 16:30. Eyjamenn hafa ekki náð sigri síðan í fyrstu umferð en þá lögðu þeir Keflvíkings. Heimavöllurinn virðist ekki vera eins sterkur hjá þeim og undanfarin ár. Ef KR-ingum tekst að sigra komast þeir upp í annað sæti deildarinnar.



LANDSBANKAÐEILDIN



LÍNURNAR LAGÐAR Alfregð er búinn að kortleggja Sviana mjög vel og fara yfir alla landsleiki þeirra undanfarin misseri. Auk þess fylgist hann vel með einstökum leikmönnum í leikjum með félagsliðum sínum og hefur því unnið heimavinnu sína vel. Hér leggur hann línurnar fyrir strákana á æfingu liðsins í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Við ætlum okkur sigur

Alfred Gíslason landsliðsþjálfari er bjartsýnn fyrir leikinn gegn Svíum í Globen í dag. Hann hefur ekki áhuga á hagstæðum úrslitum heldur ætlar hann sér sigur.

HANDBOLTI „Ég vona að vörnin standi betur en hún gerði gegn Dönum og von mín er sú að liðið hafi lært mikið í þeim leikjum. Vonandi verður liðið öflugra í Globen því ef vörnin smellur hjá okkur þá kemur markvarslan en þetta tvennt er lykillinn að árangri okkar í þessum leikjum,“ sagði Alfred Gíslason landsliðsþjálfari á



EKKERT SLEGID AF Einar Hólmgeirsson fékk að finna til tevatnsins á æfingunni í gær enda alvaran að taka við. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

landsliðsæfingu í gær en liðið fékk ekki að æfa í Globen og æfði því í Eriksdalshallen þar sem „Íslandsvinurinn“ Staffan „Faxi“ Olsson lék lengi listir sínar.

Alfred var með langan töflufund fyrir leikinn og ljóst að hann og Guðmundur Guðmundsson eru búnir að kortleggja Sviana eftir bestu getu og búast má við að varnarleikur Íslands geti komið Svíunum óvart.

„Ég hef góðar upplýsingar um Sviana og tel mig vita nokkurn veginn hvað þeir ætla að gera. Þetta snýst um að leysa vandamálin og við verðum að vera hreyfanlegir og tala vel saman og vonandi náum við að laga það sem upp á vantaði gegn Dönum,“ sagði Alfred, sem ætlar sér sigur en ekki að ná hagstæðum úrslitum.

„Hugarfarið skiptir miklu máli

og umræðan hefur snúist um að ná minna en kannski fimm marka tapi. Það er algjört kjaftæði og við förum í þennan leik til að vinna hann. Við erum heppnari en oft áður með dómara í þessum leikjum því besta þar Frakka dæmir leikinn hér og besta þar Spánverja dæmir á Íslandi. Þessi dómaraþör eru þekkt fyrir að vera hlutlaus og ekki gefa neinum né neitt. Það vildum við fá gegn Svíunum svo þeir byrjuðu ekki með fimm marka forskot. Ég hef fulla trú á strákunum og er mjög bjartsýnn fyrir þessa leiki,“ sagði Alfred Gíslason.



SVÍÞJÓÐ - ÍSLAND
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Stokkhólmi.
henry@frettabladid.is

Guðmundur Guðmundsson er í nýju hlutverki hjá handboltalandsliðinu:

Þetta er mjög sérstök tilfinning

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Íslandsmeistara Fram of fyrrverandi landsliðsþjálfari, tók að sér að aðstoða Alfred Gíslason í þessu verkefni en þeir eru góðir félagar og voru áður herbergisfélagar í landsliðinu. Guðmundur náði sínum besta árangri með landsliðið á EM í Svíþjóð fyrir fjórum árum og því hlýtur það að vera skrítið að vera kominn aftur til Svíþjóð í nýju hlutverki.

„Því er ekki að neita að tilfinningin var mjög sérstök að koma hingað aftur og vera á sama hóteli líka. Það hefur ekkert breyst, það er meira að segja sami maturinn á



NÝTT HLUTVERK Guðmundur er ekki lengur í aðalhlutverki hjá íslenska landsliðinu. Hér er hann á æfingu liðsins í gær, í bakgrunni við Alfred Gíslason landsliðsþjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

hótelinu,“ sagði Guðmundur og hló dátt. „Þetta er ögrandi og skemmtilegt verkefni og gaman að taka þátt í þessu.“

Guðmundur er þekktur fyrir að vera mjög lifandi á hliðarlínunni og það hlýtur að vera erfitt fyrir hann að halda sig til hlés og láta öðrum um stjórnumina.

„Það er mjög erfitt. Ég get ekki neitað því. Það er mjög sérstök tilfinning að standa í þessu. Við Alfred tölum vel saman á milli leikja og ég næ því að koma mínu að og svo lauma ég að honum punktum í leiknum ef mér dettur eitthvað í hug. Þetta er vissulega ný reynsla,“ sagði Guðmundur.



ANDINN KLIKKAR EKKI Góður andi var í hópnum, eins og venjulega, á æfingu í Globen í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Sænskir fjölmiðlar:

Sýna takmarkaðan áhuga

HANDBOLTI Sænskir fjölmiðlar eru að ganga af göflunum í umfjöllun sinni um sænska fótboltalandsliðið á HM og ljóst að handboltinn fær að blæða fyrir áhugann á HM.

Stóru blöðin tvö – Aftonbladet og Expressen – gáfu út veglega kálfa í gær og fékk sænska fótboltalandsliðið um tuttugu síður frá hvoru blaði. Á meðan var lítið viðtöl við Stefan Lövgren í Aftonbladet og Expressen minntist ekki einu orði á leikinn.

Þrátt fyrir takmarkaðan áhuga fjölmiðla á leiknum var í gær búið að selja 9000 miða á leikinn en alls komast sextán þúsund manns fyrir í Globen-höllinni þar sem leikurinn fer fram. - hbg



FJÓR Á ÆFINGU Að sjálfsgöðu var hitað upp fyrir æfinguna að síð handboltamanna, með því að fara í fótbolta. Hér sýnir Ólafur Stefánsson glæsileg tilþrif en Sígfrús Sigurðsson og Birgir Ivar Guðmundsson fylgjast á lengdar með. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Stefan Lövgren um Ísland:

Eins og sænska fótboltaliðið

HANDBOLTI Stefan Lövgren segir í viðtali við sænska Aftonbladet að íslenska handboltalandsliðið sé eins og sænska fótboltalandsliðið og að það eigi að bera virðingu fyrir íslenska liðinu. Mikil pressa er á sænska landsliðinu að klára Ísland enda hefur Svíþjóð ekki verið með á undanförunum stórmótum og tapaði fyrir Pólverjum í umspili um sæti á EM í Sviss.

„Ísland er betra en Pólland. Ég líki íslenska liðinu við sænska fótboltalandsliðið – góðir leikmenn í mörgum bestu liðum Evrópu og góð blanda af ungum og reyndari leikmönnum,“ sagði Lövgren, sem ætlar að drífa sig til Þýskalands eftir síðari leikinn á Íslandi þar sem hann á miða á leik Svía og Englendinga á HM. - hbg



ER FASTEIGNA- VERÐ AÐ HÆKKA EÐA LÆKKA?

- þú veist það ef þú
lest Fréttablaðið

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið!



CISSE OG BENÍTEZ Frakkinn verður frá í marga mánuði og Spánverjinn er ekki sáttur. NORDICPHOTOS/AFP

Rafael Benítez:

Vonast eftir bótum frá FIFA

FÓTBOLTI Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, vonast eftir breytingum á reglugerðum til þess að félög fái skaðabætur ef leikmenn þeirra meiðast með landsliðum sínum. Djibril Cisse fótbrotnaði í landsleik Frakka og Kína á dögum og verður frá fram í nóvember.

„Ég varpaði þessu fram á síðasta þjálfarabingi UEFA. Í þessu tilvikum kostar þetta Liverpool mikla peninga, það þarf að borga laun auk þess sem við getum ekki selt leikmanninn. Það er augljóst að þetta er stórt vandamál og þessu þarf að breyta,“ sagði Benítez en Cisse hefði verið seldur í sumar ef hann hefði ekki meiðst.

„FIFA á að borga klúbbum í svona tilvikum. Ef það er ekki tilbúin til þess ættum við kannski ekki að leyfa leikmönnum að spila með landsliðum sínum. FIFA er mjög ríkt samband og gæti vel tekið þátt í skaðanum,“ sagði knattspyrnustjóri Liverpool. - hph



Á RÁSPÓL Fernando Alonso byrjar fremstur í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Tímatakan á Silverstone:

Alonso enn og aftur fremstur

FORMÚLA 1 Fernando Alonso náði besta tímanum á tímátöku fyrir Formúlu 1 kappaksturinn sem fram fer á Silverstone-brautinni á Englandi í dag. Alonso, sem er með 21 stigs forskot í stigakeppni ökumanna, verður því á ráspól í fjórðu keppninni í röð. Michael Schumacher er í öðru sæti á stigalista en hann náði þriðja besta tímanum í dag. Kimi Räikkönen varð annar.

Felipe Massa og Fisichella ræsa þar á eftir. Heimamennirnir David Coulthard og Jenson Button náðu sér ekki á strík í gær. Coulthard mun ræsa ellefti og Button nítjándi.

„Ég gerði mistök í einum hringnum en átti annan inni þannig að ég gat bætt mig eftir að hafa skipt um dekkjagang. Þetta hafði svo á lokamínúttunni hjá mér og ég gerði engin mistök. Það er frábært að vera á ráspól í fjórða mótinu í röð og það verður fróðlegt að sjá hvernig gengur í keppninni, en við mætum fullir sjálfstrausts og erum með keppnisáætlunsem hentar mjög vel,“ sagði Alonso eftir tímátökuna. - egm

Hársbreidd frá þeim allra bestu

Helgi Berg Friðbjólfsson er að komast á stall með þeim allra bestu í heiminum í svokölluðu fjallahjólalabruni. Hann er ríkjandi Danmerkurmeistari í greininni og ætlar sér stóra hluti á komandi heimsbikarmótum.

HJÓLREIÐAR Fyrir þremur árum fluttist Helgi Berg Friðbjólfsson til Danmerkur þar sem kærasta hans hélt í nám. Alla tíð hafa hjólræiðar verið hans aðaláhugamál en hann stefndi ekki á að leggja þær fyrir sig þegar hann hélt út. Hins vegar rakst hann á auglýsingu í Danmörku um meistaramót í hjólabruni og fékk strax fiðringinn. Þrátt fyrir að eiga aðeins hjól sem hentaði alls ekki í keppnina stókk hann á þetta tækifæri og hafnaði í þriðja sæti. Eftir það varð ekki aftur snúið.

„Eftir mótið fór ég að vinna í því að setja saman hjól sem hentaði betur og þrátt fyrir peningaleysi tókst mér ágætlega upp í því. Ég vann þrjár síðustu keppnirnar á mótardöðinni og stóð uppi sem meistari í mínum flokki. Ég setti saman nýtt hjól sem ég notaði síðan í aðalflokknum í fyrirasumar. Það var reyndar ekki tilbúið í fyrstu keppnina en ég fékk lánað hjól hjá félagamínunum og hafnaði í þriðja sæti,“ sagði Helgi.

Hann lenti í slysi í æfingaferð sem hann fór í til Noregs, fékk stýrið í magann og var þrjár vikur á sjúkrahúsi. Hann náði þó að jafna sig í tíma. „Það eru fimm keppnir í mótardöðinni og fjórar



GALNI ÍSLENDINGURINN Helgi Berg er oft kallaður galni Íslendingurinn í Danaveldi og er það kannski ekkert skrytið miðað við taktana sem hann sýnir við hinar ótrúlegustu aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

gilda. Ég missti aðeins af einni og vissi að með því að vinna þrjár síðustu keppnirnar yrði ég meistari.

Þrátt fyrir að geta ekki beitt mér að fullu náði ég því,“ sagði Helgi, sem vantar aðeins herslumuninn til að verða meðal þeirra bestu í heimi í þessari grein.

„Ég hef þegar keppt í minni fyrstu heimsbikarkeppni en hún fór fram á Spáni og er ég nokkuð sáttur við mína frammistöðu. Svo fór ég í undankeppni fyrir mót sem haldið var í Lissabon en þangað var 40 bestu hjólræiðamönnum í fjallahjólalabruni boðið og 25 komust í gegnum undankeppnina. Ég varð fyrir því óláni að brjóta hjólið mitt rétt fyrir keppni en tjaslaði því saman og var síðan skuggalega nálægt því að komast í sjálfa keppnina.“

Helgi er 26 ára og hefur hjólað síðan hann man eftir sér. „Ég fékk mitt fyrsta alvöru hjól í fermingargjöf og þá byrjaði ég að keppa.

Ég varð Íslands- og bikarmeistari í unglingsflokkum fjögur ár í röð,“ sagði Helgi en keppnirnar lögðust af um nokkurra ára skeið þegar fyrirtækið sem hélt þær fór á hausinn 1996. Hann er nú staddur hér á landi en hann keppti í Úlfarsfelli í síðustu viku. „Ég er kominn með glænýtt hjól frá Trek og svo vil ég þakka Erninum fyrir stuðninginn.“

Áhugamál Helga er ansi kostnaðarsamt og er hann nú að leita að styrktaraðilum sem hjálpa til við kostnaðinn á flugmiðum og hótlegingu. „Það er mikið ferðast í þessu og er ég að fara að taka þátt í heimsbikarmóti í Kanada undir lok mánaðarins. Svo verður keppt í Brasilíu og Sviss og ég hlakka mikið til komandi verkefna,“ sagði Helgi, sem er stórhuga fyrir framtíðina. elvar@frettabladid.is



Í ÚLFARSFELLI Helga fannst gaman að hjóla aftur á íslensku jörð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Landsliðsfyrirlíðinn verður væntanlega kynntur fljótlega í Katalóníuhéraði:

Eiður Smári Guðjohnsen búinn að semja við Barcelona?

FÓTBOLTI Á heimasíðu Sky-fréttastofunnar var greint frá því í gær að Eiður Smári Guðjohnsen væri búinn að samþykkja þriggja ára samning við Spánar- og Evrópu-meistarana Barcelona. Talið er að Eiður muni ganga til liðs við félagið á allra næstu dögum.

Viðræður á milli Barcelona og Chelsea um kaupverðið eru langt komnar samkvæmt enskum fjölmiðlum en Englandsmestararnir gera nú hvað þeir geta til að hækka kaupverðið nær tíu milljónum punda úr þeim sjö sem Barcelona vildi fyrst borga.

Enska blaðið The Guardian greindi jafnframt frá því í gær að Chelsea væri komið í viðræður við tvö önnur spænsk lið auk Barcelona en sannleiksgildi þess er véfengt. Peter Kenyon, stjórnaformaður Chelsea, flaug til Þýskalands í gær til þess að fylgjast með HM, án þess að gengið hefði verið frá neinu.

Arnór Guðjohnsen, umboðsmaður og faðir Eiðs, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið náði sambandi við hann í gær. - hph



EIÐUR SMÁRI Endar líklegast á Spáni en hann ku hafa mikinn áhuga á því að fara til Barcelona. NORDICPHOTOS/AFP



CARRICK Gæti farið til Manchester United í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

Manchester United:

Parf að bjóða betur í Carrick

FÓTBOLTI Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham, hefur staðfest að félagið hafi neitað tíu milljón punda boði Manchester United í enska miðvallarleikmanninn Michael Carrick.

Talið er að United þurfi að borga í það minnsta fjórtán milljónir punda til að fá Carrick í sínar raðir en Sir Alex Ferguson leitar nú logandi ljósi að mönnum til að styrkja miðju sína. Félagið hefur verið orðað við marga leikmenn en þetta er fyrsta formlega boðið sem það gerir í einhvern leikmann.

Carrick var á meðal bestu manna Tottenham á nýafstöðnu tímabili og batt saman miðju liðsins, sem náði fimmta sæti í ensku úrvalsdeildinni. Líklegt þykir að United komi með annað boði í kappann fljótlega. - hph

ÞÝSKALAND 14 SINNUM

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Örлагadagurinn

NFS/Stöð 2 kl. 19.10

Nýr þáttur með Sirrý

Eftir stutt hlé snýr Sirrý aftur á skjáinn með nýjan þátt á nýrri stöð. Eins og nafnið gefur til kynna mun þátturinn fjalla um örlagaríka daga. Áhugavert fólk hefur fallist á að greina Sirrý frá „örlagadeginum“ stóra í lífi sínu; degi þar sem mikil straumhvörf áttur sér stað, stór atburður, gleði- eða sorgaraburður, sem hefur haft varanleg áhrif á líf viðkomandi. Þættirnir verða tólf talsins og í hverjum þætti greinir einn áhugaverður viðmælandi frá örlagadegi sínum; á hispurlausan og innilegan hátt. Þátturinn verður í opinni dagskrá.



HM í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í SPILIN

Hilmar Björnsson

C-riðill

Serbía & Svartfjallaland - Holland kl. 13.00

1-2

Hollendingar merja sigur í jöfnum leik eftir að Kezman kemur Serbum yfir snemma leiks. Van Nistelrooy með bæði fyrir Hollendinga.

D-riðill

Mexíkó - Íran kl. 16.00

3-0

Mexíkóar fara á kostum og skora öll mörkin í síðari hálfleik. Markvarðarvandræði hjá Mexíkó munu ekki koma að sök. Boltinn í Ameríku er einfaldlega sterkari.

D-riðill

Angóla - Portúgal kl. 19.00

0-4

Portúgal er með mjög skemmtilegt sóknarlið og því miður fyrir stuðningsmenn Angóla þá verða þeirra menn teknir í bakarið. 0-4 fyrir Portúgal. Figo og Ronaldo með mörkin.



▶ 12.50

HM

SERBÍA-HOLLAND



7.00 HM 2006 (Argentina – Filabeinsströndin) 8.45 HM 2006 (England – Paragvæ) 10.30 Hnefaleikar: Antonio Tarver – Bernard Hopkins 11.30 4 4 2

12.30 HM 2006 – spjall ▶ 12.50 HM 2006 (Serbía – Holland) 15.00 HM 2006 – spjall 15.50 HM 2006 (Mexíkó – Íran) 18.00 HM 2006 – spjall

18.50 HM 2006 (Angóla – Portúgal) Bein útsending frá leik Angóla og Portúgal í D-riðli HM 2006. Portúgalir ætla sér sigur í þessum riðli en Angóla gæti komið á óvart enda hafa Afríkubjóðir sótt mjög í sig veðrið í knattspyrnunni.

21.00 4 4 2 (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulístinu.

22.00 HM 2006 (Serbía – Holland) Útsending frá leik Serbíu og Hollands í C-riðli HM2006 sem fram fór fyrr um daginn.

23.45 David Beckham documentary 0.35 Gillette World Cup 2006 1.00 NBA – úrslita-keppnin

RÁS 1 FM 92,4/93,5



8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Framtíð lýðræðis 10.15 Íslenskar afþreyingarbókmenntir 11.00 Guðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Bryggjuball 14.00 Frá útihátíðarhöldum sjömannadagsins 15.50 Skáldskapur og landfræði 16.08 Veðurfregnir 16.10 Listahátíð í Reykjavík 2006

18.28 Hengirúm og himinblámi 19.00 Hið ómótstæðilega bragð 19.50 Óskastundin 20.35 Úr minningabókum 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Leikhúsmýslan 23.00 Andrarímur

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir

12.45 Helgarútgáfan 14.00 Sniglabandið í beinni 15.30 Handboltarásin 16.30 Rokkland 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.10 Þvergríp 1.10 Næturtonar

BYLGJAN FM 98,9



9.00 Valdis Gunnarsdóttir 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Enn á tali hjá Hemma Gunn 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.00 Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTVARP SAGA FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



NÝTT

Sirrý fær til sín áhugavert fólk sem skýrir frá deginum sem hafði varanleg áhrif á líf þeirra. Í hverjum þætti greinir einn viðmælandi frá örlagadegi sínum á hispurlausan og innilegan hátt.

Í fyrsta þættinum af Örlagadeginum ræðir Sirrý við Begga, fjögurra barna föður sem sleit samvistum við konu sína eftir 25 ára samband og kom út úr skápnum. Beggi segir frá þessum örlagadegi þegar hann gekkst við tilfinningum sínum og hóf sambúð með Pacasi frá Brasilíu.

ÖRLAGADAGURINN

í umsjá Sirrýjar verður í opinni dagskrá á NFS og stöð 2 á sunnudögum kl. 19:10



NFS



digital island



Dark Side Of The Moon

PINK FLOYD

UPPSELT Á SVÆÐI A

MIÐAVERÐ:

SVÆÐI A: KR. 8.900 + 540 KR miðagjald
Svæði B Kr. 7.900 + 540 kr. miðagjald

Miðasala á midi.is og í Skífuverslunum
Laugavegi, Kringlunni og Smáralind.
Eins í BT Akureyri og BT Selfossi

Roger Waters

EGILSHÖLL MÁNUDAGINN 12. JÚNÍ

HLJÓMLEIKARNIR HEFJAST STUNDVÍSLEGA KL. 20.00

Veitingasala hefst í Skautahöllinni Egilshöll kl: 16.00



Íslandsprent

Radisson
HOTELS & RESORTS

TUBORG
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS
LETTJÓGN



midi.is

20 % AFSLÁTTUR TIL
NÁMSMANNA
Á MIÐAVERÐI



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Maðurinn sem horfði á mig

Um daginn mætti ég á götu manni sem horfði á mig. Ég veit ekki af hverju hann horfði á mig, af svip hans fékk ég ekkert um það ráðið. Hann hefði þess vegna getað verið að hugsa: „Þarna er þetta helvítis fífl.“ En hann hefði allt eins getað hugsað: „Þarna er þessi höfuðsnillingur.“ Ég veit það ekki og mun aldrei vita. Kannski var hann bara að spá í hvort hann kannaðist við mig.

EN hvort sem við gefum okkur að hann fyrirhlíta mig eða dái er niðurstaðan sú sama: Tilfinningar og skoðanir eru einskis virði einar sér. Ef það breytir engu fyrir mig hvort maður sem ég mæti á götu hatar mig og fyrirhlíta eða elskar mig og dái hlýtur það að segja sig sjálf að jafnt hatur og fyrirhlitning sem og ást og aðdáun eru ekki skíts virði fyrir neinn annan en þann sem rogast um með slíkar tilfinningar. Það er ekki fyrr en við gerum eitthvað í máluðum sem tilfinningar okkar og skoðanir eru til einhvers. Ef þessi maður hefði annað hvort hrópað að mér ókvæðisorðum eða ausið mig lofi, ef hann hefði annað hvort kýlt mig eða kysst, hefðu skoðanir hans og tilfinningar haft áhrif á mig.

ÞAÐ skiptir börnin mín sem sagt engu máli hvort ég elska þau eða hata ef ég sinni þeim ekki. Það er ekki fyrr en ég sýni börnunum mínum ástúð og legg þeim lið sem tilfinningar mínar í þeirra garð eiga einhvern þátt í að gera þau að heilsteypum einstaklingum.


ÞAÐ gildir unnustu mína einu hve ást mín á henni er heit í brjóstinu á mér. Þegar ég sit hreyfingarlaus og yrði ekki á hana breytir það engu fyrir hana hvort ég tilbið jörðina sem hún gengur á eða hef á henni megnan ímugust. Aldrei hefur andlega heilbrigð kona elskað karlmann af því að hann elskaði hana, heldur af því að henni féll það vel hvernig hann lét ást sína í ljós.

ÞAÐ skiptir engu máli hvað maður er kærleiksrikur og góðgjarn. Ef maður á ekki samskipti við annað fólk er heimurinn jafn vel settur með mann hatursfullan og illgjarnan.

ÞAÐ skiptir með öðrum orðum engu máli hvernig manni líður eða hvað manni finnst. Ef þú ert ósamála þessu er það ekki af því að ég hugsaði það, heldur af því að ég skrifaði það. Það var með öðrum orðum ekki það sem mér finnst sem hreyfði við þér, heldur það sem ég gerði. ■

LONDON EXPRESS

www.icelandexpress.is



Verð frá: **7.995 kr.***
Barnaverð: **5.995 kr.****

*Aðra leið með sköttum.
**Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



Nýtt!

VISALán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

- + Staðgreiðsluverð
- + Lægri vextir
- + Lægri kostnaður
- + Til allt að 36 mánaða
- + Framlengdur ábyrgðartími
- + Flutningstrygging
- + Vildarpunktur

Spurðu um

VISALán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000